

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Breyting á deiliskipulagi vegna Lækjarvalla 21.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti 23. janúar 2025 breytingu á deiliskipulagi vegna Lækjarvalla þar sem lóð nr. 21 er skipt upp í tvær lóðir nr. 21 og 21a.

Gerð er breyting á norðurhluta svæðisins þar sem lóð 21 er skipt upp í tvær lóðir. Eftir breytingu verða til lóðir 21 sem verður eftir breytingu 3.713 m² og lóð 21a sem verður eftir breytingu 3.275 m². Gert er ráð fyrir að aðkoma um lóð 21a verði um lóð 21 og er sýnd kvöð um aðkomu á uppdrætti.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. Hörgársveitar, 8. október 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 22. október 2025